

Mosfellsbær
Kristinn Pálsson
Þverholti 2
270Mosfellsbær

Reykjavík 9. mars 2020
UST202002-479/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting – Deiliskipulag fyrir lóðir úr landi Miðdals - Mosfellsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Miðdals í Mosfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 6 lóðum er bætt við deiliskipulagið.

Selvatn

Umhverfisstofnun bendir á að Selvatn sem deiliskipulagið nær til, fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem að vatnið er stöðuvatn sem er 1.000 m² að flatarmáli eða stærra.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um stöðuvatnið í tillögunni, að það komi fram að stöðuvatnið falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og fjallað sé um umhverfisáhrif tillögunnar á stöðuvatnið.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur tillagan eins og hún er sett fram óveruleg áhrif á verndargildi stöðuvatnsins.

Girðingar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum

mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar frá 2004 nefnist leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir.

Skógrækt

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verða innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að plantaðar séu fjölbreyttar trjátegundir, en með gróðursetningu á fjölbreytum trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur